

Pegasus ehf  
Sóltúni 24  
105Reykjavík

Reykjavík 30. ágúst 2018  
UST201807-159/I.M.B.  
09.06.01

## **Efni: Umsókn um leyfi fyrir kvikmyndatökum við Skógafoss, Gullfoss og í fjöru vestan Dyrhólaeyjar**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus ehf, dagsett 30. júlí 2018, um leyfi fyrir kvikmyndagerð við Skógafoss, Gullfoss og í fjörunni vestan Dyrhólaeyjar dagana 4.-7. september 2018.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 141/1979. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir. Notkun ómannaðra loftfara innan friðlandsins er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir kvikmyndatökum dagana 4.-7. september 2018 Skógafoss, Gullfoss og í fjörunni vestan Dyrhólaeyjar. Um hundrað manns koma að verkefninu.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki tvo daga við Skógafoss, 6. og 7. september. Sótt er um leyfi til að keyra sexhjól með kerru alveg upp að fossinum en tókurnar verða inni í vatnsúðanum frá fossinum. Setja þarf 20m<sup>2</sup> pall ofan í ána og er hann festur með fótum ofan í mölina. Gert er ráð fyrir að pallinum verði komið fyrir að kvöldi 5. september. Moka þarf til efninu í ánni eða bera það að til að festa flekann. Stillans með stiga verður sett upp á bakkanum við fossinn. Aðstöðutrúkkur verður á bílastæðinu við fossinn. Takmarka þarf aðgengi gesta að tókusvæðinu við fossinn.

Í fjörunni við Dyrhólaey, 4. og 5. september, gert ráð fyrir að verkefnið taki tvo daga og er sótt um leyfi fyrir utanvega akstri. Setja þarf sjö könnur fyrir leikmyndagufu í sandinn. Notaðar verða rafmagnsreykvélar og verða notaðar tvær tegundir af reykolíu (Quick fog & Slow fog). Grafnar verða 3-5 holur (1m breidd, 1m lengd og 60-80cm djúpar) eins nálægt fjöruborði og hægt er miðað við sjávarföll og hreyfingu sjávar. Ofan í hverja holu verða settar

3 rafmagnsreykvélar og á hverri reykvél verður 5 lítra brúsi af reyk. Reykbrúsarnir eru áfastir við vélnar og tengdir þeim með innsiglaðri slöngu svo að ekkert lekur úr þeim. Ekinn verður slóði niður í fjöruna og aka þarf 300-500m í fjörunni að tókustað. Keyra þarf kvikmyndakrana, skotbómulyftara, tvo úraltrukka og tvo pallbíla til að koma kvikmyndabúnaði á tókustað. Myndir og kort af verkefninu fylgir umsókninni.

Við Gullfoss þann verður notaður dróni þar sem kvikmyndað verður yfir ánni frá neðri útsýnispalli við fossinn. Verða fimm starfsmenn við þær tókur. Ekki er þörf á að fara út fyrir stíga.

### ***Áhrifamat:***

#### **Dyrhólafljara:**

Fyrirhugaður akstur sem er áætlaður í Dyrhólafljóru er í grennd við tvær vistgerðir (skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands), þ.e. strandmelahólavist og brimasamar sandfjörur. Verndargildi vistgerðanna er metið lágt en strandmelahólavist er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að afmarka akstursleiðina þannig að hún fari ekki yfir gróður í fjöruborðinu og að eknar séu eins fáar ferðir og mögulegt er og að farið sé yfir það skipulag með landverði Umhverfisstofnunar áður en kvikmyndatakan fer fram.

Samkvæmt umsækjanda er fyrirhugað að nota tvær tegundir af reykolíu til þess að framkalla reyk í Dyrhólafljóru. Innihaldsefni *Quick Fog* og *Slow Fog* flokkast ekki sem hættuleg skv. öryggisblaði framleiðenda en þrjú möguleg innihaldsefni í flokki glýkólefnar auk vatns eru tilgreind. Engar þekktar hættur stafa af efnunum samkvæmt uppflettingu í flokkunargrunni Efnastofnunar Evrópu.

#### **Skógafoss:**

Fyrirhugað verkefni eins og því er lýst af umsækjanda við Skógafoss er til þess fallið að valda tímabundnum neikvæðum áhrifum við árbotn sunnan við Skógafoss. Á hverjum degi koma þúsundir gesta að Skógafossi og ljóst er að verkefnið mun rýra upplifun þeirra gesta sem koma á svæðið þessa tvo daga sem tókurnar fara fram en flestir erlendir gestir koma að Skógafoss einungis einu sinni yfir ævina.

Umhverfisstofnun telur að kvikmyndatakan muni ekki hafa óásættanleg áhrif á dýralíf á svæðinu að uppfylltum skilyrðum. Akstur sexhjól eins og lýst er af umsækjanda er ekki talinn hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, svo lengi sem leiðarval yrði um áreyrar en ekki yfir gróin svæði og notkun haldið í lágmarki.

#### **Gullfoss:**

Á Gullfosssi metur Umhverfisstofnun, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu. Framkvæmdin mun valda tímabundinni truflun á upplifun gesta á svæðinu þar sem mikill fjöldi ferðamann er á svæðinu dag hvern.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreindu verkefni við Skógafoss, Gullfoss og í fjörunni vestan Dyrhólafljara að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafið þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur, með a.m.k. sólahrings fyrirvara..
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, annar en leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Þess skal gætt að öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki og fjarlægja öll ummerki um athafnir að tókum loknum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustöðum um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Við akstur sexhjólsins með kerruna við Skógafoss skal akstri hagað á þann hátt að hann valdi sem minnstu raski og að ekki verði ekið yfir gróin svæði.
- Á Skógafossi skal takmarka þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifun annarra gesta á svæðinu.
- Tryggja skal öryggi gesta á svæðunum á meðan á tókum stendur, og sjá til þess að verkefnið valdi ekki slysaættu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Að öðru leiti skal haga flugi dróna í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi eins og hér er veitt geta virkað hvetjandi á aðra sem heimsækja fjöruna við Dyrhólaey til að aka utan vega. Tökustaðurinn er fjölsóttur. Mjög mikilvægt er að það komi skýrt fram að svæðið sé lokað fyrir annarri umferð utan vega og að aðeins sé verið að leyfa akstur um fjöruna af sérstökum ástæðum.

Einnig þarf að sækja um leyfi hjá landeigendum og mögulega þarf leyfi sveitarfélags fyrir verkefninu á öllum tókustöðunum.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verkefnið er hluti af stærra verkefni og er hér vinnsla

við umsóknirnar og afgreiðsla málanna hér tekin saman í heild. Gjald fyrir heildarverkefnið er kr. 211.200. Um er að ræða 16 klst. sérfræðinga Umhverfisstofnunar og er tímagjaldið sérfræðings kr. 13.200. Reikningur vegna þessa verður sendur innan skamms.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðunum. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur